

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2016

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (667. mál)

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lagaákvæðum um skatta og gjöld. Viðskiptaráð fagnar frumvarpinu og telur breytingarnar sem það kveður á um vera til bóta. Ráðið telur tilefni til að lýsa sjónarmiðum sínum sérstaklega varðandi tvö ákvæði frumvarpsins.

Lækkun tryggingagjalds

Með frumvarpinu er lögð til lækkun á tryggingagjaldi um hálf prósentustig. Þá kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að stjórnvöld hyggist lækka tryggingagjaldið frekar á komandi árum. Viðskiptaráð fangar þessum áformum stjórnvalda. Ráðið hefur bent á að hækkun tryggingagjalds í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 hafi ekki verið dregin til baka nema að hluta. Að mati ráðsins er gjaldið hærra en nauðsynlegt er til að standa undir þeim útgjöldum sem því er ætlað að fjármagna samkvæmt lögum.

Viðskiptaráð telur tryggingagjaldið einnig hafa neikvæð efnahagsleg áhrif. Innheimta tryggingagjalds er óháð því hvort hagnaður eða tap er af rekstri fyrirtækja sem það greiða. Slík skattlagning getur skapað fyrirtækjum þungar byrðar. Þetta á sérstaklega við um minni fyrirtæki – þar sem launakostnaður er hlutfallslega hærrí¹ – og fyrirtæki í mannaflsfrekri starfsemi. Tryggingagjaldið leggst einnig þungt á sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Í slíkum fyrirtækjum er launakostnaður að jafnaði stærsti hluti rekstrarkostnaðar auk þess sem algengt er að fyrirtæki skili takmörkuðum hagnaði á fyrstu stigum. Ávinningur lækkunar tryggingagjalds mun því skila sér sérstaklega vel til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja, minni fyrirtækja og fyrirtækja í mannaflsfrekri starfsemi.


Tilefni umræddrar lagabreytingar er samkomulag stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um lækkun tryggingagjalds í tengslum við gerð kjarasamninga. Samkomulagið er mikilvægur liður í því að tryggja að fyrirtæki geti mætt þeim miklu launahækkunum sem kjarasamningarnir kveða á um. Með lækkun tryggingagjaldsins má auka svigrúm fyrirtækja sem að öðrum kosti gætu þurft að fækka starfsfólki.

¹ Hjá Hagstofu Íslands undir gögnum um afkomu fyrirtækja má sjá að laun sem hlutfall af tekjum eru hærrí eftir því sem fyrirtæki hafa færri starfsmenn hérlendis.

Viðskiptaráð birti á dögunum upplýsingar um umfang launatengdra gjalda og skatta hér á landi. Í því samhengi benti ráðið á að til að geta greitt starfsmanni 500 þúsund krónur í grunnlaun þyrfti vinnuveitandi að leggja út sem nemur 740 þúsund krónum á mánuði (mynd 1).² Bilið á milli kostnaðar vinnuveitanda og grunnlauna starfsmanns er því umtalsvert. Undir slíkum kringumstæðum er hætt við að upplifun þessara tveggja aðila á launakjörum sé ólík. Telur Viðskiptaráð brýnt að minnka þennan mismun með lækkun launatengdra gjalda.

Mynd 1

Til að greiða hálf milljón í grunnlaun þarf vinnuveitandi að leggja út sem nemur 740 þúsund krónum á mánuði



(1) Tölur byggja á rannsókn Hagstofunnar á launakostnaði hérlendis (2012) (2) Mótframlag vinnuveitanda nemur 8% af heildarlaunagreiðslum á almennum markaði og 11,5% á opinberum markaði (3) Tryggingagjöld nema í dag 7,35% af heildarlaunagreiðslum vinnuveitanda (4) Eingreiðslur, kjarasamningsbundin gjöld og önnur hlunnindi (5) Greiddur er 37,3% tekjuskattur af fyrstu 309.140 kr. og 39,74% af næstu 190.860 kr. (m.v. 500.000 kr. grunnlaun). Til frádráttar kemur persónuafsláttur að upphæð 50.902 kr. Samtals nemur skattgreiðslan 140.255 kr. (6) Starfsmanni er skylt að greiða 4% af launagreiðslum sínum í lífeyrissjóð

Heimildir: Hagstofa Íslands; Viðskiptaráð Íslands

Pöntunarþjónusta Fríhafnarinnar aflögð

Viðskiptaráð fagnar því að í frumvarpinu sé lagt til að Fríhöfninni ehf. verði óheimilt að reka pöntunarþjónustu í komuverslun sinni.³ Verði frumvarpið að lögum verður fyrirtækinu óheimilt að taka á móti pöntunum frá öðrum en þeim sem staddir eru í komuversluninni.

Viðskiptaráð hefur ítrekað gagnrýnt umfangsmikið markaðsstarf og netsölu Fríhafnarinnar sem stunduð eru í þeim tilgangi að ná markaðshlutdeild af innlendum smásölum.⁴ Með því að leyfa skattfrjálsri verslun að taka hlutdeild af innanlandsmarkaði verður hið opinbera af skatttekjum. Neysluskattar innan landamæra þurfa þá að hækka til að skatttekjur hins opinbera geti haldist óbreyttar. Afleiðingin er hærra vöruverð í verslunum innanlands.

² Sjá nánar um launatengd gjöld og skatta í úttekt Viðskiptaráðs „Í hvað fara launin mín?“. Slóð: <http://www.vi.is/malefnastarf/frettir/i-hvad-fara-launin-min/>

³ Sjá tilkynningu Viðskiptaráðs varðandi áform um niðurlagningu pöntunarþjónustu Fríhafnarinnar ehf. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/frettir/dregid-ur-opinberri-samkeppni-vid-innlenda-smasala/>

⁴ Sjá m.a. umfjöllun í skoðun Viðskiptaráðs frá 5. nóvember 2014 „Á ríkið að selja ilmstöfn og sælgæti?“. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skodanir/frihofnin/>

Á smásöllumarkaði, líkt og á öðrum mörkuðum, er mikilvægt að heilbrigt samkeppnisumhverfi sé til staðar. Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld til að halda áfram á þessari braut og leggur til að eftirfarandi breytingar verði jafnframt gerðar á fyrirkomulagi fríhafnarverslunar hérlandis:

1. **Fríhöfnin ehf. verði lögð niður.** Einkaaðilum verði alfarið eftirlátið að sjá um verslunarþjónustu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. ÁTVR geti þó boðið í leigu verslunarrýmis til að selja áfengi og tóbak.
2. **Komuverslun í Flugstöð Leifs Eiríkssonar verði aflögð.** Önnur útfærsla væri að afnema opinbera meðgjöf komuverslunarinnar svo hún greiði sömu opinberu gjöld og aðrir smásalar.

Þessar breytingar myndu leiða til aukinnar hagkvæmni í verslunarrekstri hérlandis, draga úr samkeppni ríkisins við einkaaðila á smásöllumarkaði og auka veltu í innlendri verslun. Slík áhrif myndu veita stjórnvöldum svigrúm til að draga úr álagningu neysluskatta og smásöllum svigrúm til að draga úr álagningu vegna aukinnar veltu. Afleiðingin væri lægra verðlag og aukinn kaupmáttur neytenda hérlandis.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Marta Guðrún Blöndal
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands